



Reykjavík, 7. nóvember 2024
USK24100225

Stóragerði 40 – Byggingarleyfisumsókn / niðurrif

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. október 2024 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja hús, tanka, olíuskiljur, malbik og lagnir í jörð auk skipta um jarðveg á bensínstöðvarreit á lóð nr. 40 við Stóragerði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Mynd úr borgarvefsjá



Mynd af lóð

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Umsögn

Tvær fyrirspurnir varðandi uppbyggingu á lóðinni nr. 40 við Stóragerði hafa verið sendar inn til Skipulagsfulltrúa. Báðum fyrirspurnunum hefur verið svarað á þann hátt að vinna þurfi nýtt deiliskipulagi sem tekur tillit til athugasemda skipulagsins.

Gera þarf nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Stóragerði 40. Lóðarhafi þarf að koma með tillögu að breyttri nýtingu lóðarinnar og niðurrifi í nýju deiliskipulagi.

Niðurstaða

Ekki er hægt að heimila niðurrif á bensínstöðinni, heimild þarf að liggja fyrir í deiliskipulagi og áform um uppbyggingu á lóðinni þarf að liggja fyrir.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir

verkefnastjóri og arkitekt



Reykjavík